

Vefir og útbygging

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Þau virðast vera mörg vandamál-in, sem verða á vegi nútíma veflistarkvenna, sem vilja vera virkar í tímanum.

Þetta kemur greinlega fram í vefjum Guðrúnar Gunnarsdóttur í hálfum vestursal Kjarvalsstaða, en þar sýnir hún á móti Sigrúnu Eldjárn fram til 23. október.

Guðrún er tvímælalaust slyngur og hugmyndaríkur vefari enda útskrifuð úr verkstæði hinar ágætu listakonur Kim Naver í Kaupmannahöfn, sem er ein fremsta listakona Norðurlanda á þessu sviði. Ekki sé ég þó bein áhrif frá lærimeistarum nema í ákaflega vönduðum vinnubrögðum og hreinni og skýrri tilfinningu fyrir einfaldleikanum í lit og formi.

Guðrún hefur tekið þátt í miklum

fjölda samsýninga heima og erlendis og verið mjög virk í félagsmálum veflistarkvenna, var m.a. einn af stofnendum Galleris Langbrókar á sínum tíma.

Á þessu sinni færast Guðrún meira í fang en nokkru sinni áður, vefir hennar eru stórir og miklir vilji til átaka á bak við þá. Henni nægir og ekki hið sigilda form, heldur ræðst hún á útbyggingar ýmis konar, sem á stundum ganga beint út úr aðalforminu, en í öðrum tilvikum virka líkast sjálfstæðum einingum, er eiga að styrkja og styðja aðalformið.

Leikurinn er mjög áhugaverður, en um leið vandasamur og þannig er fjarri því, að gangi alltaf upp. Á stundum tekur aukaformið hreinlega völdin af aðalformunum eða virkar sem óþarfa aðskotahlutur, svo sem í teppinu „Umbrot“ (1). Hugmyndin er hér mjög athyglisverð, en eitthvað vantar í útfærsluna — sjálf teppið er svo þrýðilegur vefur. Annað dæmi

en af öðrum toga er hið stóra teppi „Brák“ (6), þar sem hinir þrír sterk-litu ferningar, er ganga út frá því til hægri hliðar (rautt, blátt og gult), draga athyglina frá annars mjög mögnuðu teppi.

Hið einfalda og magnaða teppi „Ljós í myrkri“ (10), sem stendur eitt og sér og sækir allar lífeindir sínar í sjálfa sigilda umgjörðina er ekki aðeins einn af hápunktum sýningarinnar heldur einnig í sjálfu sér nútímalegast. Við hlið þess er annað svart teppi, sem er engu síðra, ef ekki kæmi til ankannaleg útbygging. En hins vegar er ég einna sáttastur við teppið þar við hliðina og útbyggingu þess „Sólarlag“ (12) fyrir það, hve einfalt og formhreint það er.

Það sem hreif mig annars mest á þessari sýningu var, hve vel Guðrún Gunnarsdóttir fer með svart, — hreint afbragðsvel...



Sverrir Ólafsson myndhöggvari við málaða lágmynd.

Drósir og svartigaldur

Háspekileg alvara er góð og gild í myndlistinni, að ekki sé minnst á þurrpumpuleg leiðindi, sem mörgum þykir sjálfur gimsteinninn í trúban listarinnar. En þar fyrir skal ekki með öllu fortakið, að sprell og spé eigi ekki erindi inn á gróðurvin lifandi listar og af þeim meiddi spretti ekki einnig lifandi blóm. Fremstur í flokki þeirra íslenskra mótunarlistamanna, er vilja gera hlé á þrúgandi alvörunni og bregða á óhaminn náttúruleik með lífsgleðina og ólgandi blóð í skroknum að leiðarljósi, er óefað Sverrir Ólafsson.

Fyrir fáum árum sýndi hann í austurgangi Kjarvalsstaða og þótti það framtak nýstárlegt, og höfðu margir gaman af, enda var það hressilegt framtak. Nú er Sverrir aftur kominn með myndverk sín á Kjarvalsstaði, en hefur flutt sig eina


alin austar og sýnir í sjálfum virðulegum Kjarvalsall.

A sýningunni eru 16 mótunarverk (skúlptúrar), og kennir þar ýmissa grasa, — listamaðurinn hefur aukið við tæknisvið sitt, auk þess sem hann vinnur nú í fjölbreyttari efnum eða járn, stáli, tré, kopar og bronsi.

A sýningunni eru gamalkunn myndefni skrýttinna andlita, furðudýra og lostafullra drósa, en einnig eru á sýningunni myndir, þar sem kveður við nýjan tón og meira er mótað beint í formið, og þykja mér þau verk hvað athyglisverðust. Nefni ég hér verk eins og „Píla“ (3), sem unnin er í járn, „Einn tveir og þrír“ (4), í olíu og stáli, „I kröppum dansi“ (7) í kopar og tré, „Svartigaldur“ (10) í kopar og tré og sem er sennilega listrænust

mynda á sýningunni, og loks „Fjór-fés“ (14), sem unnin er í járn.

Öll þessi verk bera það með sér, að Sverrir lætur ekki deigan síga í listsköpun sinni þrátt fyrir ýmsa tilfallandi erfðileika og er að auki í mikilli sókn. Verkin á sýningunni vísa til frumstæðra og upprunalegra kennda, sem sverja sig í ætt við sjálft iðandi mannlífð, og hér er ekki verið að klæða hlutina í neinar fræðilegar umbúðir, heldur gengið beint til verks — allt látið gossa á fullu í allsherjar flingu líkt og ungir mæla og ekki hugsað um afleiðingarnar né hvað brúnaþungir fræðingarnir né við misvitir listrýndurnir segjum. Og slíkur óhaminn leikur, sem er í ætt við höfuðskepnurnar, er líklegur til að skila árangri, fái hann óhindraður og eðlisbundið að þróast og æsast...



„Sólsetur“ 1988, 155x234. Ull/bambus/virnet/pappír/akrýl.

Kínverskur einleikari á sinfóníutónleikum

eftir Rafn Jónsson

Á ÖÐRUM reglulegum tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í kvöld verða þrjú verk flutt; Sinfónía nr. 29 eftir Mozart, Fíðlukonsert í D-dúr K. 218 eftir Mozart og að lokum Sinfónía nr. 4 eftir Carl Nielsen. Stjórnandi á tónleikunum verður bandaríski hljómsveitarstjórinn George Cleve.

Upphaflega átti að frumflytja Flautukonsert eftir Þorkel Sigurbjörnsson á þessum tónleikum, en af því getur ekki orðið af óviðráðanlegum ástæðum. Fyrirhugað er að frumflytja þetta verk á tónleikum hljómsveitarinnar 2. mars nk.

Í stað flautukonsertsins verður Fíðlukonsertinn eftir Mozart fluttur og ungur, kínverskur fíðuleikari, Hu Kun að nafni, leikur einleik.

Frábær fíðuleikari

Hu Kun er aðeins 25 ára, fæddur í Kína 1963. Hann hóf nám í fíðuleik hjá föður sínum, sem er prófessor í Tónlistarháskólanum í Szechuan í Kína. Aðeins 14 ára að aldri hélt hann tónleika víða í Kína og lék inn á hljómplötur og í útvarps- og sjónvarpsupptökum. 1979 vann hann fyrstu verðlaun í undankeppni í Kína fyrir Alþjóðlegu Sibelíusarkeppnina. Í henni vann hann fimmtu verðlaun, aðeins 17 ára að aldri og var um leið fyrsti Kínverjinn sem vann alþjóðleg verðlaun í alþjóðlegri fíðuleikþætti. Við þetta tækifæri lék hann fyrir finnska útvarpið og sjónvarpið.


1981 hóf hann nám í Aðaltonlistarháskólanum í Peking, undir



Hu Kun, fíðuleikari.

handleiðslu Lin Yiaoji, sem hafði áður kennt honum. Næsta ár lék hann í óperu- og ballethljómsveitunum og einnig í aðalfilharmóníu-hljómsveitinni ýmis verk eftir Mozart, Sibelíus, Tsjaikovskíj og Khat-sjatúrjan.

Næst lá leiðin til Sviss, en hann hlaut styrk til náms þar í Alþjóða Menúhin-tónlistarháskólanum. Þegar þangað var komið opnuðust leiðir fyrir hann á alþjóðavettvangi, oft í samvinnu við Yeduhí Menúhin, þar sem hann hefur hlotið fjölmörg verðlaun og viðurkenningar, sem of langt mál yrði að telja upp. Hann hefur leikið víða í Evrópu á tónleikum og við útvarps-, sjónvarps- og hljómplötu-upptök. Í fyrra hélt Hu Kun í tónleikaferðalag til Japans, Singapore og Kanada.



George Cleve, hljómsveitarstjóri.

Tónlistargagnrýnendur hafa hælt Hu Kun á hvert reipi fyrir frábæra túlkun á þeirri tónlist sem hann leikur hverju sinni og fullkomið vald hans yfir fíðlunni. Það verður því gaman að hlusta á túlkun þessa unga manns, sem kemur úr rótgróinni austrænni menningu, túlka tónlist Mozarts í Fíðlukonsertinum.

Mozart

Allir vita að Mozart var einstaklega afkastamikill tónskáld, en það er erfitt að myndast sér að hann var ekki orðinn tvítugur þegar hann hafði skrifað á þriðja tug sinfónía og nokkra einleiks-konserta auk fjölda annarra verka. Stíll hans átti eftir að hafa afgerandi áhrif á tónskáld seinni tíma. Sinfónía nr. 29 eftir Mozart kemur

í staðinn fyrir Sinfóníu nr. 93 eftir Haydn, sem upphaflega var á efnisskránni. Þetta verk skrifaði Mozart aðeins 18 ára að aldri. Fíðlukonsertinn í D-dúr K. 218 skrifaði hann 1775, þá 19 ára. Bæði þessi verk einkenna léttleika æskumannsins og hrífa áheyrendur með undurfögnum laglínunum.

Dönsk sinfónía

Lokaverkið á tónleikunum verður Sinfónía nr. 4 eftir danska tónskáldið Carl Nielsen.

Carl Nielsen fæddist á Fjöni, rétt hjá Óðinsvéum 1865 og í æsku lék hann á fíðlu og trompet. Á þessum árum vann hann einnig nokkuð við tónsmíðar, sem nægðu til þess að hann fékk aðgang að Konunglega tónlistarháskólanum í Kaupmannahöfn, þar sem hann nam tónsmíðar, fíðuleik og tónlistarsögu. Hann vann sem hljómsveitarstjóri, t.d. stjórnaði hann í Konunglegu Óperunni í Kaupmannahöfn og einnig stjórnaði hann hljómsveitum á meginlandinu. Hann var einnig í forsvari fyrir Tónlistarfélagið í Kaupmannahöfn um árabil.

Fyrstu tónverk Carls voru skrifuð með rómantísku ívafi undir áhrifum frá Gade, Grieg, Brahms og Liszt en er fram liðu stundir tók hann æ meiri þátt í framgangi nútímatónlistar. Carl Nielsen hefur stundum verið kallaður Sibelíus Danmerkur. Þessi tvö tónskáld eiga þó fátt sameiginlegt, annað en að vera með þekktustu tónskáldum þjóða sinna. Sibelíus sótti efnivið sinn í finnsk þjóðlög en tónlist Carls Niensens hefur enga tilvísun í danska tónlistarhefð. Sinfónía nr. 4 nefndi hann Det Uuds-lukkelige, Hið óslökkvandi, og var hún skrifuð í hringiðu fyrri heimstyrjaldarinnar á árunum 1915-1916.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20.30 eins og venjulega.

Höfundur er blaðafulltrúi Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Nýr samstarfssáttmáli ríkis og sveitarfélaga

GENGIB hefur verið frá þriðja samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga, sem gildir sinni til ársloka 1990.

Í samningnum eru m.a. ákvæði um að ríki og sveitarfélög samræmi, eftir því sem kostur er, stefnu sína í opinberum rekstri, með það fyrir augum, að unnt verði að ná þeim efnahagsmarkmiðum, sem ríkisstjórnin og Alþingi ákvarða á hverjum tíma. Þá er fyrirhugað að koma á formlegu samstarfi aðila, með það fyrir augum að ná þessari samræmingu. Reglulega samráðsfundi skal halda tvisvar á ári, í lok apríl og október. Af hálfu ríkisins taka þátt í þeim ráðherrar félagsmála, fjármála, menntamála og heilbrigðismála og staðgenglar þeirra, ásamt fulltrúum frá Þjóðhagsstofnun. Af hálfu sveitarfélaga situr stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga fundina.

Síðasti samstarfssáttmáli aðila rann út um áramótin 1987-1988 og var þá frá hendi Sambands íslenskra sveitarfélaga ekki áhugi á endurnýjun á þeim tíma. Kom þar m.a. til skerðing Jöfnunar-sjóðs sveitarfélaga, skert álagning útsvara og verkaskiptamála. Í sumar samþykkti stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga að taka á ný þátt í því samstarfi sem gert er ráð fyrir í sáttmálanum og reyna þannig að þoka fram hagsmunamálum sveitarfélaga, að því er segir í frétt frá sambandinu. Þar kemur einnig fram, að nú fer í hönd haustfundur ríkis og sveitarfélaga, þar sem m.a. verður fjallað um ástand og horfur í efnahags- og atvinnumálum, svo og fjármál næsta árs.